

Stjórnarfundur GFFÍ haldinn í hafrastöðinni, Þórulág, 27.september,  
fundur settur kl.16.05.

Mætt voru Anna María Flygenring í síma, Anna María Lind Geirsdóttir, Guðni Á. Indriðason, Birna K. Baldursdóttir og Guðný Ívarsdóttir.

1. Skoðun stöðvar.
2. Skipan mála á stöðinni og sala sæðis til Bandaríkjana.
3. Kynning á hafrastöðinni
4. Kynbótaráð
5. Hafrar
6. Starfsmenn
7. Fjármál
8. Önnur mál

GÁI og BKB hafa staðið að byggingu stöðvarinnar nýliðið sumar og AMLG og GÍ skoða í fyrsta sinn. Myndband tekið og sent AMF til skoðunar.

1. Starfsleyfi er komið fyrir stöðina eftir skoðun fulltrúa MAST. Athugasemdir við atriðið eins og; vantaði handlaug og handspritt í frágangsherbergi og bekk á fataskipta gangi. Búið að leysa þau mál. Fataskiptagangur er hreint svæði og bekkur afmarkar svæðin. Þar er farið úr útiskóm og yfirhöfnum og farið í viðeigandi skó og utanumföt.
2. Dýralæknir og MAST finna út úr því hvaða reglur gilda fyrir innfluttning Bandaríkjamanna. Eftir að fá úr skorið hvort líða þurfi 60 eða 90 daga frá sæðistöku að síðustu heilbrigðisskoðun hafra áður en hægt er að senda sæðið til Bandaríkjana héðan. Innan 3ja vikna frá sæðistöku þarf t.d. að taka berkla- blátungu- og brusellasýni. BKB mun fylgja eftir umsjón vegna sölu til Bandaríkjana.
3. BKB helst vera með opið hús þessa viku áður en hafrar eru komnir í stöðina, bjóða t.d. Bændablaðinu, Skessuhorni, Gísli úr Landanum, rektor LBHÍ og öllum þeim öðrum sem komið hafa að uppbyggingu stöðvarinnar. BKB sér um að bjóða. AMLG verður í sambandi við Jóhönnu á Háafelli vegna geitaafurða veitinga. GÍ mun sjá um drykki. Samþykkt einróma að hafa kynninguna föstudag 27. september frá kl 15.
4. Kynbótaráð er stjórn erfðanefndar landbúnaðarins þar sem BKB á sæti. MAST, Sigrún Bjarnadóttir (SB) dýrlæknir, eftirlit með sauðfjár- og geitasjúkdómum svo og Gunnar Þorkelsson dýralæknir sem hefur leyst Sigrúnu Bjarnadóttur af. Þau þurfa að vita á hvaða bæjum eru geitur og gefa leyfa fyrir því af hvaða bæjum má selja og á milli hvaða svæða. AMF man eftir 11 bæjum sem má kaupa frá. Núverandi listi er tilkominn þegar sótt hefur verið um að fá að kaupa af tilteknum bæjum og leyfi verið veitt eða ekki. Þannig vantar bæji inn sem ekki hefur verið sótt um að kaupa frá. SB gefur leyfi hverju sinni. T.d. ætti Hrísakot að geta fengið leyfi.
5. Hafrarnir sem koma á stöðina verða valdir að lokum af SB. Stjórn leggur traust sitt á Þorstein dýralækni vegna sæðistökkunnar. BKB þarf að skoða vel Heiðrúnu og finna hafra sem eru sem minst skyldir hverjum örðum sem hægt er að nota.
6. Starfsmenn. Hvað varðar daglega hirðingu hafranna og huðnanna sem verða á stöðinni verður t.d. leitað til námsmanna á Hvanneyri.

7. Fjármál. Þegar er búið að borga 3.3 milljónir króna vegna uppbyggingar hafrastövarinnar. Eftir að fá reikninga frá pípara og rafvirkja en rafmagn var uppfært svo og allar lagnir. Gólfefnið ætti að endast í 100 ár miðað við að stöðin verði í notkun í tvær vikur á ári. 2 milljónir eru enn á reikning félagsins sem ætti að nægja fram að áramótum. Kostnaður við sæðistöku er eftir. Um 360.000 kr munu fara í kaup á höfrum. Það verða 8 hafrar á stöðinni, ekki alltaf hægt að frysta sæðið úr þeim og það kemur í ljós þegar að því kemur; afföll. Bandaríkjamennirnir sem vilja kaupa sæði héðan munu borga allan kostnað sem að þeim lýtur varðandi útfluttninginn. Félagið þarf að hefja mikinn og góðan áróður fyrir sæðingunum til að minnka einsleitni genamengja geita á Íslandi.

Önnur mál:

AMF spyr um alþjóðlega skráning íslensku geitanna sem kom til tals á s.l. aðalfundi. BKB: Bandaríkjamennirnir sem að eiga íslenskar geitur ættu að geta skráð í Heiðrónu ef þeir skilja lyk-lana og fá aðgang. Geit sem er 75% íslensk telst íslensk s.b.r. skilgreingu á forystufénu íslenska.

Litalyklarnir: Helga Leifsdóttir nemi í bændadeild gerði verkefni um litalykla geitanna. Með því fylgir plakat ssem BKB ætlar að senda stjórn. BKB og Lárus Birgisson fóru á vettvang í sumar og skoðuðu litaúrvalið á Háafelli.

Lögbýli og greiðslur. Þeir sem búa ekki á lögbýli fá ekki greiðslur með geitunum sínum. Meiri hluta geitaeigenda eru á lögbýlum. Ekki hægt að breyta þessu.

Magnús Kristjánsson spurði á aðalfundi hvort hægt væri að setja inn dálka fyrir mjólk og fiðu í Heiðrónu. Ef þessi atriði væru í Heiðrónu væri það kannski hvetjandi fyrir geitaeigendur að skrá afurðirnar. Telst vera of kostnaðarsamt fyrir bændasamtökin að borga forriturum fyrir þetta.

Samskipti stjórnar á netinu: Sennilega vænsti kosturinn að nota messenger sem að allir eru með í sí-manum.

Fundi slitið kl. 17:10. Fundargerð ritaði Anna María Lind Geirsdóttir.